

Tillaga velferðarráðs

Velferðarráð felur velferðarsviði Reykjavíkurborgar að undirbúa opnun á skaðaminnkandi heilbrigðisúrræði í formi neyslurýmis þar sem boðið er upp á skaðaminnkandi úrræði og heilbrigðisþjónustu á grundvelli reglugerðar nr. 170/2021 um neyslurými í Vesturgötu 7 (horn að Vesturgötu/Grófinni - eignarnúmer 07003) og opna það eins fljótt og auðið er.

Greinargerð:

Í 3. gr. reglugerðar nr. 170/2021 er neyslurými skilgreint sem „lagalega verndað umhverfi þar sem neytendur sem eru 18 ára og eldri geta sprautað ávana- og fíkniefnum í æð undir eftirliti starfsfólks og gætt er fyllsta hreinlætis, öryggis og sýkingavarna.”

Í 7. gr. reglugerðar nr. 170/2021 er þjónusta og rými neyslurýmis skipt í tvo hluta. Annars vegar rými fyrir skaðaminnkandi úrræði sem er skylda í neyslurými og hinsvegar rými fyrir heilbrigðisþjónustu sem heimilt er að veita í neyslurými.

Í a-lið greinarinnar er fjallað um rými sem notað er í skaðaminnkandi úrræði þar sem skal:

1. Þjóða notendum upp á almennar ráðleggingar um sprautubúnað og sprautunotkun og aðrar hættuminni aðferðir við inntöku efna.
2. Þjóða notendum upp á almenna ráðgjöf um hreinlæti og sjálfshjálp til að koma í veg fyrir sýkingar og draga úr líkum á sjálfsskaða.
3. Dreifa hreinum sprautubúnaði fyrir hvern notanda og taka við notuðum sprautubúnaði til förgunar.
4. Hafa eftirlit með notanda í neyslurými.
5. Veita notanda einstaklingsmiðaða ráðgjöf í tengslum við neyslu.
6. Veita notanda upplýsingar um heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu sem stendur honum til boða.

Í b-lið greinarinnar er fjallað um rými sem notað er í heilbrigðisþjónustu þar sem heimilt er að:


1. Þjóða upp á til dæmis hreinsun sára og mat á sýkingum og meðferð við þeim, svo sem saumatöku.
2. Þjóða upp á skimun hjá kvensjúkdómalækni.
3. Þjóða upp blóðþrýstingsmælingar.
4. Þjóða upp á almenna heilsufarsráðgjöf og skoðun, þ.m.t. fræðslu um HIV- og lífrabólgu-smitleiðir.

Rýmið í Vesturgötu 7 samanstendur af 5 herbergjum. Þar af eru 3 salerni. Auðveldlega er hægt að breyta einu salerni í rými fyrir heilbrigðisþjónustu sbr. b-lið 7. gr.


reglugerðarinnar. Eftir væru þá tvö salerni þ.e. eitt fyrir notendur og eitt fyrir starfsfólk. Stærsta rýmið væri hægt að nýta í skaðaminnkandi úrræði skv. a-lið 7. gr. reglugerðarinnar. Minna rýmið væri hægt að nýta sem aðstaða fyrir starfsfólk.

Tveir inngangar eru í rýmið. Annars vegar er inngangur frá horni Vesturgötu/Grófinni og hins vegar inngangur úr bílakjallara á Vesturgötu 7. Hægt væri að setja ramp á innganginn er snýr út að horni Vesturgötu/Grófinni.

Telja verður því að rýmið henti vel fyrir þá þjónustu og aðstöðu sem lýst er í 7.gr. reglugerðarinnar um neyslurými.




Vesturgata 7. Teikning. Hringurinn sýnir staðsetningu á rýminu.



Teikning á rýminu sem um ræðir og drög að skiptingu rýmisins. Mögulega væri hægt að bæta við ramp við innganginn til að bæta aðgengi.



Drög að útliti skaðaminnkandi úrræðis skv. a- lið 7. gr. reglugerðarinnar. Nú þegar eru borð við útveggi rýmisins og eldhúskrókur. Einungis þarf því skilrúm milli rýma og stóla. Í skápum í eldhúskrók væri hægt að geyma búnað/fræðsluefni og geyma leirtau þannig að hægt væri að bjóða notanda upp á vatn t.d.



Drög að skoðunarrými skv. b-lið 7. gr. reglugerðar um neyslurými

